

**HEIMILD TIL BREYTINGAR Á GJÖLDUM**

Bæjarstjórninni er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 74 6. júlí 1961.

*Atvinnumálaráðuneytið, 28. september 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

**um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis.**

**1. gr.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurtta og gróðurhúsaframleiðslu landsins, þar með talin stjórn og rekstur Grænmetisverzlunar landbúnaðarins. Framleiðsluráð getur falið sérstakri nefnd manna stjórn verzlunarinnar að meira eða minna leyti í umboði sínu. Framleiðsluráð ræður framkvæmdastjóra, er annast daglega stjórn Grænmetisverzlunarinnar, og ræður hann annað starfsfólk fyrirtækisins eftir þörfum.

Endurskoðendur Grænmetisverzlunarinnar skulu vera tveir, annar tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins, en hinn skipaður af landbúnaðarráðherra.

**2. gr.**

Grænmetisverzlun landbúnaðarins hefur með höndum heildsölu á innlendum kartöflum og garðávöxtum. Hún ræður umboðsmenn utan Reykjavíkur til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Umboðsmennirnir skulu einnig sjá um kaup og sölu þessara vara á tilteknum verzlunarsvæðum, samkvæmt nánari fyrir-mælum þar um á hverjum tíma, sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar. Grænmetisverzlunin hefur einnig með höndum sölu á gróðurhúsaframleiðslu eftir ákvörðun framleiðsluráðs. Enn fremur sér verzlunin, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, um innflutning þessara vörutegunda og heildsölu þeirra eftir því sem ráðuneytið felur henni.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins kaupir innlendar kartöflur og grænmeti af framleiðendum, eftir því sem ástæður leyfa. Skal taka tillit til vörugæða á þann hátt, að láta betri vöru sitja fyrir þeirri lakari.

**3. gr.**

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal ávallt fylgjast vel með uppskeruhorfum, uppskeru og birgðum af kartöflum og öðrum matjurtum í landinu, svo hægt sé að stilla innflutningi á vörum þessum svo í hóf, að hann torveldi ekki sölu á innlendra framleiðslu. Þó skal þess gætt, að ætíð séu til nægar birgðir af þessum vörum við hæfilegu verði, eftir því sem við verður komið.

## 4. gr.

Nú verður svo mikil uppskera af innlendum kartöflum, að útlit er fyrir að I. fl. kartöflur og II. fl. kartöflur seljist ekki að öllu leyti til manneldis, getur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum framleiðsluráðs, bannað sölu á III. flokks kartöflum til neyzlu.

## 5. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins ber að athuga á hvern hátt sé hagkvæmast að gera verðmætan þann hluta kartöfluframleiðslunnar, sem er umfram innlendar þarfir hverju sinni, t. d. með útflutningi eða á annan hátt eftir því sem aðstæður leyfa.

## 6. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu innlendu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöflutegunda og leita um það samráðs og samstarfs við Tilraunaráð jarðræktar og síðan semja við einstaka framleiðendur um ræktun útsæðis af þeim stofnum. Skal ræktun þessi háð ströngu heilbrigðiseftirliti, sem Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans hefur á hendi.

## 7. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal, í samráði við Framleiðsluráð, stuðla að því, að markaðurinn nýtist sem allra bezt, og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Skipuleggja skal dreifingu og sölu þannig, að Grænmetisverzlunin ákveði sölusvæði hvers umboðsmanns til þess að komist verði hjá óþörfum flutningum og undirboðum frá því verði, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur auglýst.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins ber að vinna að því, að umboðsmenn hennar komi á fót móttökustöðvum. Móttökustöðvarnar skulu annast flokkun og geymslu á kartöflum fyrir framleiðendur, sem þess óska, eftir því sem við verður komið.

## 8. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um útgáfu fræðslurita um ræktun, tegundaval, meðferð og neyzlu matjurta. Skal í þeim efnum hafa samráð við félag garðræktarmanna, svo og neytendasamtök landsins og samtök smásöluverzlana.

## 9. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirmatsmann, er hafi á hendi mat kartaflna og grænmetis í Reykjavík og umsjón með mati út um land.

Yfirmatsmaður skal gangast fyrir námskeiðum fyrir matsmenn, þegar ástæður leyfa, og stuðla á allan hátt að því, að flokkun og mat verði sem bezt samræmt alls staðar á landinu.

Lögreglustjórar skipa matsmenn eftir tilnefningu yfirmatsmanns. Laun yfirmatsmanns og þóknun til undirmatsmanna ásamt öðrum þeim kostnaði, er af störfum þeirra leiðir, greiðist af innborguðum matsgjöldum.

## 10. gr.

Allar innlendar kartöflur, sem seldar eru til manneldis, skulu aðgreindar í þrjá flokka: I. flokk, II. flokk og III. flokk.

## 11. gr.

Verzlunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Sé vafi á því, í hvaða flokki selja skuli kartöflur, skal leita um það úrskurðar hlutaðeigandi matsmanns, en selja þær ella sem III. flokks vöru. Allar

kartöflur, sem seldar eru í smásöluverzlunum, skulu greinilega auðkenndar með merkjum á umbúðum, svo að auðsætt sé, hvers flokks þær eru, og einnig hver hefur selt þær í heildsölu. Heiti tegundar (afbrigði) skal tilgreint á kartöflum, sem metnar hafa verið í 1. flokk.

Á tímabilinu frá því að uppskera hefst og þar til 20. september ár hvert, er heimilt að selja kartöflur, gulrófur og gulrætur af nýrri uppskeru án mats eða flokkunar, enda séu þær hreinar, ógallaðar og ekki of smáar að dómi matsmanna. Óski Grænmetisverzlun landbúnaðarins hins vegar eftir mati á þessu tímabili, skal það framkvæmt að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

#### 12. gr.

Matsmenn skulu undirrita vottorð um flokkun á þeim kartöflum, sem þeir meta. Þar skal tilgreina flokk og auk þess tegundaheiti á kartöflum, sem metnar eru í I. og II. flokk, nafn framleiðenda eða seljanda, framleiðslustað, magn og hvenær mat hefur farið fram. Matsmönnum ber að senda yfirmatsmanni yfirlit yfir flokkun og magn þess, sem metið er á þeirra matssvæði. Sá, sem mats óskar, lætur matsmanni í té ókeypis nægilega aðstoð við matið.

#### 13. gr.

Mat á kartöflum fer þannig fram, að matsmaður skoðar að minnsta kosti tíunda hvern poka af hverri tegund, séu þeir 50 eða fleiri. Ef sama matsgerð nær til kartöflum frá fleiri en einum framleiðanda, skal þess jafnan gætt, að skoða hlutfallslega jafnmikið frá hverjum um sig, og ekki minna en tvo poka frá hverjum þeirra. Þegar metið er minna magn en 50 pokar, ber að skoða fimmta hvern poka. Við mat skal jafnan tæma kartöflurnar úr þeim pokum, sem skoðaðar eru. Komi í ljós við skoðun áberandi gallar ber matsmanni að gera nákvæmari athugun en að ofan greinir, til þess að tryggja rétta flokkun.

#### 14. gr.

Ráðherra ákveður og auglýsir eftir tillögum Tilraunaráðs jarðræktar, með nægum fyrirvara, hvaða afbrigði skulu teljast til I. flokks og II. flokks. Við mat á kartöflum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt:

*I. flokkur:* Í 1. flokki mega aðeins vera kartöflur af þeim afbrigðum, sem Tilraunaráð jarðræktar ákveður. Hrein afbrigði aðgreind í tvo stærðarflokka, frá 30 gr til 45 gr (þ. e. aðgreindar: 35 m/m netsigti) og 45 gr og þar yfir (þ. e. aðgreindar á 50 m/m netsigti). Kartöflurnar skulu vera þurrar og heilbrigðar vel með farnar og fallegar útlits. Grænar og verulega hýðisskemmdar kartöflur má ekki selja í I. flokki.

*II. flokkur:* Í annan flokk koma þau afbrigði, sem Tilraunaráð jarðræktar ákveður. Afbrigðin skulu vera vel aðgreind, þurr og vel útlitandi. Íblöndun annarra afbrigða ekki yfir 3%. Þær skulu aðgreindar í tvo stærðarflokka, frá 25 til 45 gr (þ. e. aðgreindar á 30 m/m netsigti) og frá 45 gr og þar yfir (þ. e. aðgreindar á 50 m/m netsigti). Kartöflurnar mega ekki vera grænar, skemmdar af myglu, rotnun eða frosti. Kláði og aðrir hýðissjúkdómar ekki yfir 5%.

*III. flokkur:* Aðrar kartöflur en þær, sem teljast í I. flokki og II. flokki, ef þær teljast hæfar til manneldis og fullnægja eftirfarandi skilyrðum: Kartöflurnar skulu vera þurrar, þyngd ekki minni en 20 gr. Grænar kartöflur hverfandi fáar og hýðisskemmdir skulu ekki vera áberandi. Sjúkdómar, skemmdir og aðrir ágallar mega samtals ekki vera yfir 5%.

Heimilt er að selja smáar kartöflur af þyngd 20 til 30 gr úr I. flokks afbrigðum á verði annars eða þriðja flokks eftir ákvörðun Grænmetisverzlunar landbúnaðarins.

Nú koma í ljós verulegir bragðgallar í kartöflum og sker þá bragðprófun úr í hvaða flokki þær eru, ef þær reynast neyztuhæf vara.

## 15. gr.

Allar kartöflur skal afhenda í þurrum, hreinum og gisnum pokum, þyngd 25 eða 50 kg nettó eftir því sem Grænmetisverzlun landbúnaðarins ákveður. Skal vera vel saumað fyrir pokana og gerð á horn. Merkja skal pokana með þar til gerðum spjöldum. Á spjöldin skal letra, öðru megin: Nafn afbrigðis en hinu megin: Nafn og heimili framleiðanda.

## 16. gr.

Verði ágreiningur milli seljanda og matsmanna út af mati, sker yfirmat úr. Tilnefnir landbúnaðarráðuneytið einn sérfróðan mann í yfirmat. Hlutaðeigandi matsmaður skal stöðva sölu þeirra kartafna, sem krafizt er yfirmats á, unz úrskurður yfirmatsins er fenginn. Kostnað við yfirmat skal sá greiða, er yfirmatsins óskar, nema að undirmati verði breytt honum í hag um 10% eða meira. Þá greiði kaupandi yfirmatskostnaðinn.

## 17. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með því að kartöflur séu eigi seldar ómetnar, og skal þeim heimilt að skoða kartöflubirgðir verzlana, þegar þurfa þykir. Seljanda skal skylt að láta matsmönnum í té upplýsingar og aðstoða við skoðunina.

## 18. gr.

Þegar kartöflur eru auglýstar til sölu, skal jafnan tilgreina hvers flokks þær eru, svo og heiti afbrigðis, ef átt er við I. flokk.

## 19. gr.

Landbúnaðarráðuneytið annast um útgáfu leiðarvísis um mat og flokkun á kartöflum. Skal þar lýst helztu afbrigðum, svo og kvillum og göllum, sem koma til greina við flokkunina. Skal leiðarvísi þessum útbýtt ókeypis.

## 20. gr.

Fyrir mat á kartöflum og öðrum matjurtum skal framleiðandi greiða sérstakt matsgjald, er landbúnaðarráðherra ákveður. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast um innheimtu gjaldsins og greiðslu til matsmanna. Laun yfirmatsmanns skulu ákveðin af ráðherra, en þóknun til undirmatsmanna skal vera venjulegt verkamanna kaup á matsstaðnum að viðbætti 50% uppþót.

## 21. gr.

Matsmenn skulu meta gulrófur og grænmeti á sama hátt og kartöflur (sbr. 13. gr.).

Við mat á gulrófum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt:

*I. flokkur:* Hreinar, gallalausar, jafnar og svipaðar að útliti, innan hvers afbrigðis, ræturnar lítið greindar, þyngd 200—700 gr.

*II. flokkur:* Eins og I. flokkur, en mega vera ójafnar að stærð og lögun, þyngd ekki undir 100 gr, lítið gallaðar.

Um gulrófurnar skal búið í þurrum, heilum, gisnum og hreinum pokum, þyngd 25 kg nettó. Pokarnir skulu greinilega merktir nafni og heimilisfangi framleiðanda, og heiti afbrigðis. Trénaðar gulrófur eða skemmdar af maðki eða bórskorti teljast ekki markaðsvara. Heldur ekki gulrófur, sem óbragð reynist að af völdum varnarlyfja, né þær, sem vegna sveppa eða annarra sjúkdóma eru óhæfar til geymslu.

## 22. gr.

Við mat á gulrótum skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum, eftir því sem frekast er unnt:

*I. flokkur:* Hreinar, jafnar, hrufulausar og sem líkastar að lögun og útliti, þyngd ekki undir 80 gr.

*II. flokkur:* Eins og I. flokkur, en þyngd ekki undir 40 gr.

*III. flokkur:* Lítið gallaðar, þyngd ekki undir 20 gr. Um gulrætur skal búið í þurrum, heilum og þrifalegum pokum, þyngd 25 kg nettó eða 50 kg nettó.

Pokarnir skulu greinilega merktir nafni og heimilisfangi framleiðanda. Gulrætur, sem af völdum þrúgu- eða bikarsvepps, eða annarra sjúkdóma, eru óhæfar til geymslu, teljast ekki markaðshæfar.

## 23. gr.

Um blaðskurð af gulrófum og gulrótum o. fl., skal farið eftir fyrirmælum matsmanna.

## 24. gr.

Yfirmatsmaður og matsmenn skulu undirrita eiðstaf um það, að þeir ræki skyldur þær, sem matsstarfið leggur þeim á herðar, af alúð og samvirkusemi í hvívetna.

## 25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum frá 300—10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

## 26. gr.

Hagnaði þeim, sem verða kann af rekstri Grænnelisverzlunar landbúnaðarins, skal verja til tryggingar rekstri stofnunarinnar og til eflingar matjurtaræktinni í landinu, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 59 frá 19. júlí 1960, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um mat og flokkun á kartöflum, nr. 96 frá 16. júlí 1956.

## Bráðabirgðaákvæði.

Fyrst um sinn, þó ekki lengur en til 31. desember 1962, er heimilt að selja I. flokks kartöflur í umbúðum, sem merktar eru sem úrvalsflokkur og II. fl. kartöflur í umbúðum merktum I. fl. eins og verið hefur.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnl. E. Briem.*